



Lífeyrisauki
Stefna um ábyrgar
fjárfestingar

Stefna Lífeyrisauka um ábyrgar fjárfestingar

Meginhlutverk viðbótarlífeyrissparnaðar Arion banka, Lífeyrisauka, er að ávaxta viðbótarlífeyrissparnað sjóðfélaga og tryggja þeim hæstu mögulegu ávöxtun hverju sinni og til lengri tíma að teknu tilliti til áhættu. Innan Lífeyrisauka er lögð áhersla á siðferðisleg gildi við fjárfestingarákvarðanir og meðvitund er um þá staðreynd að fjárfestingarákvarðanir hafa áhrif á ólíka hagsmunaaðila, umhverfið og samfélagið í heild sinni. Sjónarmið um langtímafjárfestingarsýn eru í samræmi við stefnu sjóðsins um ávöxtun viðbótarlífeyrissparnaðar og fara hönd í hönd með ábyrgum og sjálfbærum viðskiptaháttum.

Ábyrgar fjárfestingar

Ábyrgar fjárfestingar eru fjárfestingar sem auk þess að taka tillit til áhættu og ávöxtunar taka tillit til umhverfis-, félagslegra þátta og stjórnhátta. Stefna þessi um ábyrgar fjárfestingar markar stefnu Lífeyrisauka um siðferðileg viðmið í fjárfestingum. Stefna Lífeyrisauka um ábyrgar fjárfestingar nær til allra fjárfestinga sjóðsins en sérstök áhersla er lögð á fjárfestingar á skráðum innlendum hlutabréfamarkaði. Stefna þessi tekur sérstaklega til umhverfis- og félagslegra þátta, varðandi áherslur sjóðsins um stjórnhætti vísast til hluthafastefnu sjóðsins.

Grunngildi og viðmið

Grunngildi Lífeyrisauka í ábyrgum fjárfestingum eru að félög sem sjóðurinn á eignarhlut í fari að þeim lögum og reglum sem um starfsemi þeirra gilda. Auk þessara grunngilda setur sjóðurinn sér viðmið um ábyrgar fjárfestingar með hliðsjón af sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð (e. UN Global Compact).

Viðmiðin fela í sér kröfu sjóðsins til þess að félög í hans eigu;

- Virði alþjóðleg mannréttindi og eigi ekki hlut í broti á þeim.
- Virði réttindi aðila á vinnumarkaði.
- Styðji við félagsafrelsi og viðurkenni rétt starfsfólks til kjarasamninga.
- Eigi ekki þátt í hverskonar nauðungar- og þrælkunarvinnu og styðji við afnám misréttis til vinnu og starfsvals.
- Beiti sér fyrir varúðarreglu í umhverfismálum, hvetji til aukinnar ábyrgðar gagnvart umhverfinu og stuðli að þróun og nýtingu á umhverfissvænni tækni.
- Beiti sér gegn hverskonar spillingu á borð við kúgun og mútur.

Arion banki er aðili að sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð (e. UN Global Compact) ásamt meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. UN PRI). Arion banki er einnig virkur þátttakandi í mótun og þróun ábyrga fjárfestinga á Íslandi og var meðal annars einn af stofnaðilum samtakanna IcelandSIF.

Framkvæmd stefnu

Sem fjárfestir á markaði hefur Lífeyrisauki hagsmuni af því að félög sem hann á eignarhlut í tileinki sér ábyrga og sjálfbæra viðskiptahætti. Þannig er horft til grunngilda og viðmiða sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar við fjárfestingarákvarðanir og vinnu við mótun og endurskoðun fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Fjárfestingar sjóðsins á erlendum mörkuðum eru almennt í sjóðum frekar en í einstökum erlendum verðbréfum. Í þeim tilvikum er stefna rekstraraðila sjóða í ábyrgum fjárfestingum könnuð og niðurstaðan höfð til hliðsjónar við heildarmat á fjárfestingar-kostum.

Komi í ljós að félag í eignasafni sjóðsins verði uppvíst af fráviki á grundvelli þessara grunngilda og viðmiða mun sjóðurinn beita sér fyrir því að umrætt félag ráðist í viðeigandi úrbætur. Við slíka ákvörðun er ávallt gætt ýtrustu varfærni þar sem heildarhagsmunir sjóðsins og sjóðfélaga eru hafðir að leiðarljósi.

Samþykkt á fundi starfsstjórnar Lífeyrisauka 25. nóvember 2025

